

Alþingi
Erindi nr. P 130/1145
komudagur 25.2.2004

Umhverfisnefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. febrúar 2004
2004020007/42-1
SB/hj

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 - 2008

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 5. febrúar 2004 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004–2008. Í áætluninni er gerð grein fyrir vísindalegri nálgun við svæðisbundna náttúruvernd, byggðri á alþjóðlegri hugmynda- og aðferðafræði, og lýst 14 landsvæðum sem fyrirhugað er að friðlýsa á næstu fimm árum.

Náttúrufræðistofnun Íslands er lögum samkvæmt aðili að gerð náttúruverndaráætlunar, skv. 65. grein náttúruverndarlaga nr. 44/1999, sem segir m.a.: „Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og hlutaðeigandi náttúruverndararnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar.“

Árið 2001 var myndaður vinnuhópur skipaður fulltrúum Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhverfisráðuneytisins í því skyni að leggja grunn að aðferðafræði sem notuð skyldi við gerð fyrstu náttúruverndaráætlunar. Leiðarljós hópsins var að uppfylla sem best ákvæði laga um náttúruvernd sem og alþjóðlegar skyldur Íslands á sviði náttúruverndar. Í kjölfarið hóf Náttúrufræðistofnun Íslands skipulega greiningu á tiltækum upplýsingum til þess að leggja mat á hvaða tegundir væru í hættu og hverjar væri mikilvægt að vernda. Samhliða því hófu Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins skipulega vinnu við flokkun jarðminja á Íslandi og mat á verndarstöðu þeirra. Niðurstaða þessarar vinnu, ásamt tillögum að friðlýsingum, liggja fyrir í tveimur skýrslum, þ.e. *Verndun tegunda og svæða: Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002* (Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson 2002. NÍ-02016) og *Verndun jarðminja á Íslandi: Tillögur vegna Náttúruverndaráætlunar 2002* (Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson 2002. NÍ-02019). Samtals voru friðlýsingartillögur í þessum tveimur skýrslum tæplega sextíu talsins. Allflestar þeirra voru samþykktar í tillögugerð Umhverfisstofnunar fyrir náttúruverndaráætlun á sl. ári, sbr. *Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008: Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*.

Ellefu af fjórtán svæðum á náttúruverndaráætlun 2004–2008 byggja að grunni til á tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar af eru 7 mikilvæg fuglasvæði (Álftanes – Skerjafjörður, Álftanes – Akrar – Löngufjörur, Austara-Eylandið, Látrabjarg – Rauðasandur,



Guðlaugstungur – Ásgeirstungur, Vestmannaeyjar, og Öxarfjörður), tvö mikilvæg plöntusvæði (Látraströnd – Náttfaravíkur og Njarðvík – Loðmundarfjörður) og tvö mikilvæg jarðfræðisvæði (Geysir í Haukadal og Reykjanes – Reykjanestá). Friðlýsing tveggja svæða á náttúruverndaráætlun (Skeiðarársands og Jökulsárgljúfra austan ár) felur í sér stækkun núverandi þjóðgarða svo þeir nái yfir tilteknar landslagsheildir. Eitt svæði (Vatnshornsskógur) er tilnefnt á náttúruverndaráætlun sem dæmi um lítt snortinn gamlan birkiskóg „þar sem birki er óvenjuhávaxið samanborið við annað birki á Vesturlandi.“

Ennfremur kemur fram í greinargerð að stefnt sé að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs og verndun svæða sem tengjast honum á tímabilinu sem náttúruverndaráætlun 2004–2008 spannar.

Athugasemdir

Val verndarsvæða

Náttúrufræðistofnun Íslands lýsir yfir ánægju með að þessi þingsályktunartillaga skuli komin fram og lýsir fullum stuðningi við hana. Stofnunin fagnar því að nú sé í fyrsta skipti hér á landi beitt kerfisbundinni, vísindalegri nálgun við náttúruvernd svipað og gert er í *Natura 2000* verkefni Búsvæðatilskipunar Evrópusambandsins og í *Emerald Network* verkefni Bernarsamningsins, en síðarnefnda verkefnið nær til allra Evrópulanda að Íslandi með töldu. Þessi nálgun felst í meginatriðum í því að skilgreina og skrásetja náttúruminjar viðkomandi lands eða svæðis, forgangsraða þeim náttúruminum sem þarfnast verndar miðað við ýmsa verndarstaðla og viðmið og tryggja tiltekna lágmarksvernd þeirra í neti friðlýstra svæða.

Náttúrufræðistofnun telur að vel hafi tekist til með val á sjö mikilvægum fuglasvæðum og tveimur mikilvægum plöntusvæðum. Stofnunin treystir því að Eyjabakkar séu eitt þeirra svæða sem verða friðlýst í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð. Nú þegar væri eðlilegt að lýsa þá Ramsarsvæði enda spillir það í engu friðlýsingu á grundvelli náttúruverndarlaga síðar meir. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að vel hafi tekist til með val á jarðfræðisvæðum svo langt sem það nær. Æskilegt hefði þó verið að tilnefna fleiri jarðfræðisvæði svo sem Brennisteinsfjöll á Reykjanesi – síðastu ósnortnu sprungureinina og háhitasvæðið á Reykjanesi og svæði sem orkufyrirtæki hafa lýst áhuga á – Heklu og Kverkfjöll. Náttúrufræðistofnun lýsir einnig yfir ánægju með fyrirhugaða stækkun þjóðgarðanna.

Náttúrufræðistofnun telur val á Vatnshornsskógi á náttúruverndaráætlun ekki nægilega vel rökstutt og ekki í anda þeirrar aðferðarfræði sem lagt var upp með. Engar náttúrufræðisupplýsingar liggja fyrir um Vatnshornsskóg sem réttlæta friðlýsingu hans á næstu fimm árum umfram aðra náttúrulega birkiskóga, svo sem Egilsstaðaskóg, Eyjólfstaðaskóg, Austurskóga í Lóni og Steinadal í Suðursveit, sem lagt var til að friðlýsa í áðurnefndri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Verndun tegunda og svæða*.

Athygli vekur að aðeins eitt svæði á Suðurlandi (meginlandi), þ.e. Geysir í Haukadal, er tilnefnt á náttúruverndaráætlun. Á Suðurlandi er álag af umsvifum manna, svo sem vegna hefðbundins og óhefðbundins búskapar (nýskógrækt, hrossarækt, o.fl.) og ferðaþjónustu, nú þegar með því mesta sem gerist á landinu og búast má við að álag á þetta landsvæði fari ört vaxandi á næstu árum. Í tillögum Umhverfisstofnunar voru fjórtán svæði tilnefnd á Suðurlandi.

Friðlýsing lífvera (sbr. 53. grein náttúruverndarlaga)

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Verndun tegunda og svæða* er gerð tillaga um



friðlýsingu 172 sjaldgæfra plöntutegunda (66 tegundir háplantna, 45 tegundir mosa og 61 tegund fléttna). Þessi tillaga stofnunarinnar er byggð á sambærilegri tillögu sem send var umhverfisráðuneytinu með bréfi í mars 2000, sbr. hlutverk stofnunarinnar í náttúruverndarlögum nr. 44/1999. Þrjátíu og ein háplöntutegund á landinu er nú friðlýst skv. auglýsingu nr. 184/1978. Síðan þá hefur þekking á flóru landsins og stöðu ýmissa tegunda aukist mikið. Í tillögugerð sinni tekur Umhverfisstofnun undir að á „árunum 2004–2008 verði metið í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands hvaða plöntutegundir þörf er á að alfriða, samkvæmt 53. gr. laga nr. 44/1999.“ Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að bætt verði við í fyrstu málsgrein, aðra setningu, sem endar á „Vatnajökulspjóðgarðs“ svohljóðandi texta: „og metið í samráði Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands hvaða plöntutegundir þörf er á að alfriða.“


Framkvæmd friðlýsinga og eftirfylgni

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir (bls. 4) að „það þarf nauðsynlegt fjármagn til að treysta framkvæmd friðlýsingar og eftirlit með að skilyrði hennar séu uppfyllt og að friðuð svæði verði ekki fyrir skemmdum eða áníðslu.“ Enn fremur segir á bls 12: „Metinn hefur verið lauslega kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunar fyrir þau 14 svæði sem áætlunin tekur til. Heildarstofnkostnaður er áætlaður um 148 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður um 32 millj. kr. Þegar friðlýsingu allra 14 svæðanna lýkur. Í fjárlagagrunni Umhverfisstofnunar eru nú þegar um 73 millj. kr. til að standa undir framangreindum stofnkostnaði þannig að viðbótarfjárframlög til að standa undir heildarstofnkostnaði munu því nema um 75 millj. kr.“

Í þessum tilvitnunum er óljóst hvort gert er ráð fyrir fjármagni til að tryggja öflun ítarlegra gagna um náttúrufer svæðanna (þ.e. um plöntur, dýr, vistgerðir og jarðminjar) og kortlagningu þessara þátta. Slík gögn eru forsenda þess að hægt verði með rökstuddum hætti að setja friðun einstakra svæða markmið og ákveða verndaraðgerðir á grundvelli þeirra. Ekki er heldur ljóst hvort gert er ráð fyrir fjármagn til að tryggja fræðslu um svæðin t.d. með uppsetningu fræðslustofa. Ítarleg náttúrufergögn eru forsenda sértækra verndarákvæða (t.d. má hugsa sér lagskipta friðun þar sem mikilvægustu fugla- eða plöntubúsvæðin njóta strangari friðunar en svæðið í heild), gerð verndaráætlana og framtíðarvöktunar þessara svæða. Áðurnefnd friðlandanet Evrópu (*Natura 2000* og *Emerald Network*) gera skýra kröfu til aðildarríkja um öflun gagna um náttúru friðlýstra svæða og aðgengi að slíkum upplýsingum. Fé til þessara hluta þarf að tryggja. Jafnframt er það skoðun Náttúrufræðistofnunar Íslands að stórbæta þurfi grunnrannsóknir, kortlagningu og vöktun á þeim náttúruverndarsvæðum sem fyrir eru í landinu.

Að lokum bendir Náttúrufræðistofnun Íslands á að náttúruverndaráætlun 2004–2008, sem einkum leggur áherslu á verndun fugla, er aðeins upphafið að löngu ferli. Að mati stofnunarinnar þarf að taka fram í þingsályktunartillögunni, eða a.m.k. í greinargerð með henni, að þegar þurfi að hefja undirbúning fyrir næstu náttúruverndaráætlun, sem m.a. taki tillit til flokkun lands í vistgerðir.

Virðingarfyllst


Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri

